

**Nr. 023 / 14 Tálkni BA 64****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1252  
Smíðaður: Garðabæ 1972 Stál  
Stærð: 41,08 brl. 31 bt.  
Mesta lengd: 18,50 m Skráð lengd: 16,03 m  
Breidd: 4,36 m Dýpt: 2,25 m  
Vél: Caterpillar 300 kW 1994  
Fjöldi skipverja: 3



Tálkni ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. mars 2014 var Tálkni BA 64 á siglingu á Patreksfirði. Veður: NV 5

Verið var að sigla bátnum til Stykkishólms en þegar hann var staddur út af Ólafsvita hitnaði vélin svo skipstjóri stöðvaði hana og óskaði eftir aðstoð.

Björgunarskipið Vörður dró Tálkna til hafnar á Patreksfirði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í ljós kom að það var stífluð sjósía milli botnloka og sjódælu sem orsakaði það að vélin fékk ekki kælingu. Fram kom að menn hefðu ekki vitað af þessari síu;
- að báturinn var búinn að liggja við bryggju í u.þ.b. tvö ár. Áður en lagt var í ferðina varúið að láta vélina ganga um tíma og skrúfa sett á án þess að hún hefði ofhitnað.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til að kynna sér mikilvægan búnað vel áður en lagt er úr höfn eftir langa legu.